



Barnabókmenntir

ÍSLE3BB05

Námsáætlun – haustönn 2024

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennarar áfangans:

Guðbjörg Grímsdóttir (gudbjorg10@fsu.is), Jón Özur Snorrason (jö og Stefán Hannesson (stefanh

Áfangalýsing: Fjallað um barnabókmenntir í víðum skilningi: sögur, ævintýri, ljóð, teiknimyndir og myndabækur auk efnis fyrir sjónvarp og leikhús. Nemendur kynnast einkennum, formi, útbreiðslu, vinsældum og kröfum sem gerðar eru til barnabókmennta. Gert er ráð fyrir lestri mismunandi bókmenntatexta auk fræðilegrar umfjöllunar um barnabókmenntir. Fyrir liggur fjölbreytt verkefnavinna, verkleg, munnleg og skrifleg. Farið er fram á sjálfstæð, skapandi og vönduð vinnubrögð.

Undanfari:

Markmið áfangans

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- mismunandi frásagnaraðferðir og framsetningu í barnabókmenntum.
- málfar og orðaforða, innrætingu og túlkun barnabókmennta.
- samspil barnabókmennta, samfélags og menningar.
- inntak og einkenni þeirra verka sem lesin eru.
- tengsl barnabókmennta við siðferðisþroska.
- barnabókmenntir í sögulegu ljósi.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- draga saman og nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og tengja við eigin skoðanir.
- beita gagnrýninni hugsun við vinnslu verkefna þar sem skoðanir hans koma fram.
- lesa sér til gagns bókmenntaverk og fræðitexta um barnabókmenntir.
- flytja af nokkru öryggi niðurstöður sínar frammi fyrir hópi.
- nota viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna skapandi og greinandi verkefni í tengslum við barnabókmenntir og fræðilega texta.
- taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu, beita rökum og komast að niðurstöðu.
- túlka texta barnabókmennta og greina merkingu undir yfirborði textans (undirtexti).
- meta uppeldisgildi barnabókmennta út frá ýmsum sjónarmiðum.
- bera barnabókmenntir saman við aðrar bókmenntagreinar.
- Beita skýru og gallalausum máli í ræðu og riti.

Námsefni:

Silja Aðalsteinsdóttir. (1999). *Raddir barnabókanna*.

Efni frá kenanra.

Námsmat:

60% Skilaverkefni, umræður, flutningur, ritun, útdráttur og próf.

20% Próf og/eða ritun úr Röddum barnabókanna.

20% Lokaverkefni.

Kröfur og verkefnaskil:

- Ætlast er til að nemendur búi sig mjög vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögn fer eingöngu fram þar, hvort sem um er að ræða fjarkennslu eða staðkennslu.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt í Innu en einnig er hægt að hafa samband við samnemendur eða kennara.
- Verkefni birtast í Innu og er almennt skilað rafrænt þangað.
- Nemandi sem er veikur eða með lögleg forföll á prófdegi getur sótt um sjúkrapróf hjá kennara.
- Símanotkun í tímum er óheimil nema annað sé tekið fram.
- Nemendum ber að virða höfundarétt. Gerist nemendur uppvísir um ritstuld fá þeir undantekningalaust einkunnina 0.
- Kennarar taka einungis við skilaboðum í gegnum Innu eða í tölvupósti, ekki í Messenger.

Vinnuáætlun - haustönn 2024

Dags.	Viðfangsefni
20.-23. ágúst	Áfangi kynntur. Opnunarverkefni - Uppáhaldsbarnabókin mín.
26. - 30. ágúst	<i>Hér er gott að fara að lesa greinarnar í Röddum barnabókanna sem er næst á dagskrá - og skoða leslistann undir EFNI á Innu.</i>
2. - 6. sept.	RADDIR BARNABÓKANNA Verkefni 1, Sögulegt yfirlit íslenskra barnabóka (bls. 9-37).
9. - 13. sept. Nýnemaferð þri 10.sept	Verkefni 2, Myndasögur (38-78).
16. - 20. sept. Foreldrakynning þri 17.sept.	Verkefni 3, Frásagnartækni (79-101).
23. - 27. sept.	Verkefni 4, Setið í kjöltunni (101-137).
30. sept. - 4. okt.	Verkefni 5, Trú og siðferði í íslenskum barnabókum (178-201)
7. - 11. okt. Valdagur (mið)	Verkefni 6, Heimur Sossu (201-213). Próf úr Röddum barnabókanna.
14. - 18. okt. Haustfrí (fim+fös)	RITHÖFUNDAR BARNABÓKA
21. - 25. okt.	
28.okt - 1.nó	
4. - 8. nóv.	
11. - 15. nóv. Dagur íslenskrar tungu (lau)	NÚTÍMINN Í BARNABÓKUM
18. - 22. nóv.	LOKAVERKEFNI Lokaverkefni kynnt og unnið með aðstoð gervigreindar.
25. - 29. nóv	
2. - 6. des. Dimmisjón (fös)	
9. - 13. des. Námsmat hefst á fim.	Uppsóp.

Námsáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Með von um gott samstarf,
íslenskukennarar